

Stjórnartíðindi 1913. A.

Nr. 4.

Konungsbrjef um setning alþingis.

Nr. 8.
28.
maí.

Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Vjer viljum hjermeð veita yður sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Ísland
umboð til þess í Voru nafni að setja alþingi það, er koma á saman til reglulegs fundar
þriðjudaginn 1. júlí næstkomandi.

Ritað á Amalíuborg, 28. maí 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

H. Hafstein.

Til herra Hannesar Hafstein, kom. af Dbr. og Dbrm.,
Vors ráðherra fyrir Ísland.

Konungsbrjef um lenging alþingistímans og um þingsuppsögn.

Nr. 9.
28.
maí.

Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Vjer viljum hjermeð veita yður sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Ísland
umboð til þess að samþykkja í Voru nafni, að alþingi það, sem nú fer í hönd, megi
setu eiga svo lengi sem þörf verður á, þó eigi meira en 4 vikur fram yfir 8 vikna
tíma þann, er heimilaður er í 3. grein stjórnarskipunarlaga 3. október 1903 um breyting
á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Ísland 5. jan. 1874,

og ennfremur umboð til þess í Voru nafni að segja þingi slitið að liðnum hinum
lögheimilaða, reglulega þingsetutíma, eða síðar á 4 vikna fresti þeim, er áður er nefndur,
þegar eigi er lengur þörf á að lengja þingið.

Ritað á Amalíuborg, 28. maí 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

H. Hafstein.

Til herra Hannesar Hafstein, kom. af Dbr. og Dbrm.,
Vors ráðherra fyrir Ísland.